

Kirkjuþing 2020-2021

49. mál-þskj. 94

T I L L A G A

til þingsályktunar um innra eftirlit og áhættugreiningu.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að fela kirkjuráði að koma á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar, í samræmi við drög að heildstæðri eignastefnu sem kynnt var á kirkjuþingi 12. mars 2021. Kirkjuþingi verði kynnt nýtt verklag við innra eftirlit og áhættugreiningu haustið 2021.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2020-2021 var samþykkt að skipaður yrði starfshópur til að vinna að mótun heldstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar. Kirkjuráði var falið að skipa fulltrúa í nefndina en stefnu drög voru kynnt á kirkjuþingsfundi 12. mars 2021.

Með samþykkt viðbótarsamnings þjóðkirkjunnar og ríkisins, sem samþykktur var 6. september 2019, var stefnt að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum. Með aukinni ábyrgð er brýnt að utanumhald, yfirsýn og skipulag sé eins og best verður á kosið. Mikilvægt er að byrja strax að innleiða þær áherslur heildstæðrar eignastefnu sem snúa að innra eftirliti og áhættugreiningu.

Áætlaður kostnaður við tillöguna er kr. 1.000.000,-